

Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun - Askja
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Vestmannaeyjum 27. júlí 2017
UST201707-159/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um fararleyfi – Surtsey

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Magnús Tuma Guðmundssonar, Háskóla Íslands, dagsett 26. júlí 2017 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar fyrir tvo aðila í tengslum við borun tveggja rannsóknarborhola í Surtsey.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.


Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða verkefni sem stofnunin veitti leyfi fyrir þann 14. júlí síðastliðinn. Boraðar verða tvær rannsóknarborholur í eyjunni. Fararleyfi vegna undirbúnings og framkvæmdar borunarinnar voru veitt þann 21. júlí 2017. Þeir aðilar sem óskað er eftir fararleyfi fyrir nú eru aðilar sem vantaði inn á lista umsækjanda í upprunalegri umsókn um fararleyfi.


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með með eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila á tímabilinu 28.-30. júlí 2017:
 - Anna Líndal, kokkur
 - Þórdís Högnadóttir, uppsetning starfsmannabúða
- Leyfið gildir fyrir eftirtalinn aðila á tímabilinu 30. júlí-5. ágúst 2017:
 - Beau Martshall, umsjón bors
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður með í för.

Virðingarfyllst



Kristin Linda Arnadóttir
Forstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur